

SKÝRSLA
UM
ATVINNUTRYGGINGARSJÓÐ
ÚTFLUTNINGSGREINA

September 1991

INNGANGUR

Í 4. gr. laga nr 9/1989 um efnahagsaðgerðir er kveðið á um stjórn og eftirlit með Atvinnuþryggingarsjóði útflutningsgreina. Þar segir m.a. svo: "Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans." Í samræmi við þessi lagafyrirmæli gerði Ríkisendurskoðun skýrslu í febrúar 1990 um starfsemi sjóðsins frá stofnun hans haustið 1988 og til ársloka 1989. Skýrsla sú sem hér fylgir á eftir er um starfsemi hans á árinu 1990. Stofnunin vísar til fyrri skýrslu sinnar um starfsemi sjóðsins hvað varðar ýmis atriði sem ekki er fjallað sérstaklega um í þessari skýrslu s.s. lög, reglugerðir og verklag.

Rétt er að geta þess að í ársbyrjun 1991 var Atvinnuþryggingarsjóður lagður niður sem sérstakur sjóður en þess í stað færður undir Byggðastofnun sem sérstök atvinnuþryggingardeild með sjálfstæðan fjárhag. Í samræmi við þessa breytingu mun eftirlit Ríkisendurskoðunar með starfsemi deildarinnar framvegis verða þáttur í endurskoðun og eftirliti með fjárreiðum Byggðastofnunar, sbr. lög nr. 12/1986, en ekki í því formi sem nefnd 4. gr. laga nr. 9/1989 mælir fyrir um.

STOFNUN

Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina var stofnaður með lögum nr. 9/1989. Í 11. gr. þeirra, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1991, var jafnframt tekið fram að hinn 1. janúar 1991 skyldi sjóðurinn lagður niður en í hans stað stofnuð sérstök atvinnuþryggingardeild við Byggðastofnun. Deildin hefur sérstakan fjárhag og tók á stofnþegi við eignum og skuldbindingum Atvinnuþryggingarsjóðs. Hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er óheimilt að veita ný lán.

Um tildrög að stofnun sjóðsins, stjórn hans og skipulag vísast að öðru leyti til skýrslu stofnunarinnar um starfsemi sjóðsins á árinu 1989.

EFNAHAGUR

Í árslok 1990 námu lánveitingar Atvinnuþryggingarsjóðs 8.665 milljónum krónum. Afskriftareikningur útlána stóð þá í 411 milljónum króna og að teknu tilliti til þess námu útistandandi lán sjóðsins 8.254 milljónum króna.

Bankainnistæður sjóðsins og verðbréf í árslok námu 207 milljónum króna. Aðrar eignir voru virtar á 10 milljónir króna. Samtals námu því eignir sjóðsins 8.471 milljónum króna.

Lántökur sjóðsins námu þá 8.512 milljónum króna og skuldir við viðskiptamenn 28 milljónum króna. Eigið fé sjóðsins var því neikvætt um 69 milljónir króna.

Efnahagsreikningur Atvinnuþryggingarsjóðs 31.12.1990.

EIGNIR:

	m.kr.
Bankainnistæður og verðbréf	<u>207</u>
Lánveitingar:	
Gengistryggðar	2.611
Verðtryggðar	5.538
Áfallnir vextir	<u>515</u>
Lánveitingar án afskrifta	8.664
Afskriftareikningur útlána	<u><411></u>
Lánveitingar eftir afskriftir	<u>8.253</u>
Aðrar eignir;	
Framlag ríkissjóðs	7
Innleystar fasteignir	<u>3</u>
Aðrar eignir samtals	<u>10</u>
Eignir samtals	<u>8.470</u>
SKULDIR:	
Viðskiptamenn	<u>28</u>
Langtímalán:	
Gengistryggðar	2.099
Verðtryggðar	6.192
Áfallnir vextir	<u>221</u>
Lántökur samtals	<u>8.512</u>
Skuldir samtals	<u>8.540</u>
Eigið fé:	
Stofnframlag	400
Óráðstafað eigið fé	<u>(469)</u>
Eigið fé samtals	<u>(69)</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>8.471</u>

Rekstrarreikningur Atvinnuþryggingarsjóðs fyrir árið 1990.

Fjárhæðir í m.kr.	1990	1989
FJÁRMUNATEKJUR:		
Vaxtatekjur	579	259
Verðbætur	317	304
Gengismunur	<u>0</u>	<u>76</u>
Fjármunatekjur samtals	<u>896</u>	<u>639</u>
FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtagjöld	446	192
Verðbætur	484	300
Gengismunur	<u>29</u>	<u>0</u>
Fjármagnsgjöld samtals	<u>959</u>	<u>492</u>
Fjármunatekjur-fjármagnsgjöld	(63)	147
Gjaldfærsla vegna verðbreytinga	17	166
Framlag í afskriftareikning útlána	<u>216</u>	<u>284</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>296</u>	<u>303</u>
ÖNNUR GJÖLD:		
Rekstrarkostnaður	<u>20</u>	<u>22</u>
Tap ársins	<u>316</u>	<u>325</u>

Atvinnuþryggingarsjóður var rekinn með 316 milljóna króna tapi árið 1990 en árið á undan var tapið 325 milljónir króna. Tap þessara tveggja ára nemur því samtals 641 milljón króna. Fjármunatekjur á árinu 1990 námu 896 milljónum króna en fjármagnsgjöld voru 63 milljónum króna hærrí eða 959 milljónir króna. Á árinu 1989 voru fjármunatekjur 147 milljónum króna hærrí en fjármagnsgjöld. Framlag í afskriftareikning útlána á árinu 1990 nam 216 milljónum króna og gjaldfærsla vegna verðbreytinga 16 milljónum króna. Þá var rekstrarkostnaður 20 milljónir króna.

Um helmingur af rekstrarkostnaði ársins 1990 var aðkeypt þjónusta, aðallega frá Byggðastofnun, en launagreiðslur námu tæpum 9 milljónum króna.

STOFNFÉ

Stofnfé Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina var ákveðið 1.000 milljónir króna, sbr. 1. málslíð 5. gr. laga nr. 9/1989. Þar af skyldu 600 milljónir króna koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysisþryggingasjóði vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Í 2. mgr. 5. greinar segir hins vegar að eftir 1. júlí 1990 skuli renna til Atvinnuleysisþryggingasjóðs, auk reglulegra framlaga, 10. hluti af endurgreiðslum lána, sem Atvinnuþryggingarsjóður hefur veitt, þar til 600 milljónum króna er náð.

Í áritun endurskoðenda með ársreikningi Atvinnuþryggingarsjóðs fyrir árið 1989 kemur fram að þeir telji eigið fé sjóðsins í árslok 1989 oftalið um 600 milljónir króna. Er þar stuðst við túlkun forsætisráðuneytisins á ofangreindum lagatexta, en í bréfi ráðuneytisins frá 13. júní 1990 segir m.a. svo:

"Atvinnuþryggingarsjóði ber samkvæmt framangreindu að greiða Atvinnuleysisþryggingasjóði tíunda hluta af endurgreiðslum lána, sem Atvinnuþryggingarsjóður hefur veitt, þar til 600 milljónum króna er náð, eins og segir í 2. mgr. 5. gr. Ríkissjóður ber samkvæmt sömu málsgrein, ábyrgð á þeim greiðslum gagnvart Atvinnuleysisþryggingasjóði."

Stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs hefur ætíð litið svo á sem stofnfé sjóðsins væri 1.000 milljónir króna en ekki 400 milljónir króna. Í fundargerðum stjórnarinnar kemur fram að hún hefur haft töluverðar áhyggjur af þeirri veiku eiginfjárstöðu sjóðsins sem þessi lækkun á stofnfé myndi hafa í för með sér. Því leitaði stjórnin eftir því að lögum um sjóðinn yrði breytt. Í bréfi forsætisráðherra til sjóðsins dags. 20. desember 1990 er tekið fram að vegna ágreinings um málið muni ríkisstjórnin "þryggja að eiginfjárstaða sjóðsins nemi áfram óskertum 1000 milljónum króna m.a. með lagabreytingu eftir áramót ef á þarf að halda". Þessi fyrirætlan þáverandi ríkisstjórnar hefur hins vegar ekki náð fram að ganga.

Af þeim 1.000 milljónum króna, sem ríkissjóður skyldi leggja Atvinnuþryggingarsjóði til, höfðu 993 milljónir króna verið greiddar í ágústlok 1991. Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Bygðastofnunar dagsettu 15. maí 1991 er hins vegar tekið fram að ráðgert sé að sækja um 7 milljóna króna fjárveitingu í fjáráskjalagáfrumvarpi sem fyrirhugað er að flytja á haustþinginu 1991, til lúkningar á innborgun á 1.000 milljónum króna til atvinnuþryggingardeildarinnar.

Tafla 1.

Greidd framlög ríkissjóðs til Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina. Fjárhæðir í milljónum kr.

Tímabil	Greiðsla	Uppsafnað
Nóv. 1988	10	10
Des. 1988	140	150
Ág. 1989	360	510
Okt. 1989	140	650
Apr. 1990	100	750
Maí 1990	100	850
Júní 1990	143	993

ERLEND LÁN

Við stofnun Atvinnuþryggingarsjóðs var sjóðnum heimilað að taka 1.000 milljón krónur að láni erlendis sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 9/1989. Seint á árinu 1989 var sjóðnum síðan veitt heimild til að taka 900 milljónir króna að láni til viðbótar, sbr. lög nr. 113/1989 um breytingu á lánsfjárlögum 1989. Í ársbyrjun 1990 hafði sjóðurinn ekki hafið erlend lán að fjárhæð 300 milljónir króna en fullnýtti allar erlendar lántökuheimildir síðar á árinu. Atvinnuþryggingarsjóði voru ekki heimilaðar neinar nýjar erlendar lántökur árið 1990. Á árinu 1991 var sjóðnum hins vegar veitt heimild til að taka innlent lán að fjárhæð 550 milljónir króna.

Tafla 2.

Erlend lán Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina.

Dagsetn.	Lánsfjárhæð í erl. gjaldeyri	Lánsfjárhæð í milljónum kr.
30.12.'88	USD 5.500.000	253,9
10.02.'89	DEM 9.597.297	264,5
25.05.'89	USD 5.500.000	311,7
18.09.'89	DEM 7.116.000	224,3
21.12.'89	DEM 8.431.988	300,0

21.12.'89	USD 4.869.339	300,0
05.03.'90	USD 2.454.992	150,0
05.03.'90	DEM 4.203.565	<u>150,0</u>
	Samtals	<u>1.954,4</u>

LÁNSKJÖR

Í 8. gr. reglugerðar nr. 463/1988 er fjallað um lán Atvinnu-tryggingarsjóðs. Í kaflanum um skuldbreytingarlán segir að viðkomandi fyrirtæki eigi að gefa út skuldabréf til Atvinnu-tryggingarsjóðs með samanlagðri fjárhæð þeirra skulda fyrirtækisins, sem lánardrottinnar hafa samþykkt að skuldbreyta og Atvinnu-tryggingarsjóður fallist á að taka við. Skuldabréf þessi skulu vera til 10 ára hið lengsta og afborgunarlaus fyrstu tvö árin en greiðast svo upp með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti. Öll skuldbreytingarlán sem sjóðurinn hefur samþykkt hafa verið verðtryggð og borið 6% raunvexti.

Á móti þessum skuldabréfum gefur Atvinnu-tryggingarsjóður út skuldabréf til lánardrottna viðkomandi fyrirtækja. Þau eru til sex ára, afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en greiðast því næst upp með jöfnum afborgunum á hálfis árs fresti. Þessi skuldabréf hafa verið verðtryggð með 5% raunvöxtum.

Skuldabréf sem fyrirtæki hafa gefið út til sjóðsins vegna almennra lána og hagræðingarlána, hafa hins vegar verið gengistryggð. Vextir þeirra eru 1% hærri en millibankavextir í London, (Libor). Þá greiða lánþegar sjóðsins einnig 1% lántökugjald.

VAXTAMUNUR

Í árslok 1990 var vaxtamunur hjá Atvinnu-tryggingarsjóði 1,14% sjóðnum í hag. Meðalvextir tekinna lána voru 5,96% en meðalvextir veittra lána voru 7,1%. Í árslok 1989 var vaxtamunur 1,08% sjóðnum í hag.

Vextir útlána eru miðaðir við millibanka vexti LIBOR á gjalddögum lána að viðbættum 1% álagi. Hins vegar eru innlánsvextir m.v. LIBOR í upphafi hvers vaxtatímabils, þ.e.a.s. á sex mánaða fresti. Þá eru tekin innlend lán á föstum vöxtum. Vaxtamunur var mestur á lánnum sem gengistryggð eru í þýskum mörkum, eða 2,06%. Innlánsvextir þeirra voru að meðaltali 8,69% en útlánsvextir 10,75%. Innlánsvextir á lánnum tryggðum í dollurum voru að meðaltali 8,23% en útlánsvextir 8,88% eða 0,65% hærri. Vaxtamunur vísitölubundinna lána var að meðaltali 0,82%. Þá féllst stjórn

Atvinnuþryggingarsjóðs að verða við tilmælum þáverandi ríkisstjórnar sem fram komu í bréfi dags. 21. mars 1990 um að sjóðurinn tæki B-hlutdeildarskírteini sem ekki bera vexti. Heildarfjárhæð B-hlutdeildarskírteina í eigu Atvinnuþryggingarsjóðs nema að nafnverði 158 milljónum króna.

Óvíst er hvort hægt verði að halda þeim 1% vaxtamun sem verið hefur hjá sjóðnum frá stofnun, þar sem alls ekki er tryggt að þau erlendu lán, sem tekin verða til að endurfjármagna atvinnuþryggingardeild verði jafnhagstæð og hin eldri.

LÁNSLOFORÐ

Á árinu 1990 veitti Atvinnuþryggingarsjóður lánsloforð að fjárhæð 1.380,7 milljónir króna. Stærstur hluti þeirra rann til fyrirtækja í sjávarútvegi eða um 980 milljónir kr. Þar af námu lánsloforð vegna skuldakaupa 126 milljónum króna og vegna eignasölu 26 milljónum króna. Fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum voru hvorki veitt lán til skuldakaupa eða eignasölu. Veitt lánsloforð vegna hlutafjárukningar námu alls 146 milljónum króna á árinu. Þar af runnu 142 milljónir króna til fyrirtækja í sjávarútvegi en 4 milljónir króna til fyrirtækis í iðnaði.

Tafla 3.

Útgefin lánsloforð Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina á árinu 1990.

	m.kr.	Í % af heild
Sjávarútvegur	982,7	71,2
Fiskeldi	285,0	20,6
Iðnaður	<u>113,0</u>	<u>8,2</u>
Samtals	<u>1.380,7</u>	<u>100,0</u>

Af veittum lánsloforðum á árinu 1990 fengu fyrirtæki á Vestfjörðum loforð fyrir um 410 milljónir króna en fyrirtæki í Reykjavík og á Norðurlandi vestra fengu minnst í sinn hlut.

Tafla 4.

Skipting veittra lánsloforða á árinu 1990 eftir atvinnugreinum og kjördæmum.
Fjárhæðir í milljónum kr.

	Sjávar- útvegur	Fisk- eldi	Iðnaður	Samtals
Vesturland	42,0	25,0	0,0	67,0
Vestfirðir	397,5	15,0	0,0	412,5
Norðurland vestra	24,0	20,0	0,0	44,0
Norðurland eystra	55,7	15,0	50,0	120,7
Austurland	157,0	0,0	0,0	157,0
Suðurland	118,0	125,0	0,0	243,0
Reykjanes	159,5	70,0	67,0	296,5
Reykjavík	<u>25,0</u>	<u>15,0</u>	<u>0,0</u>	<u>40,0</u>
	<u>978,7</u>	<u>285,0</u>	<u>117,0</u>	<u>1.380,7</u>

Tafla 5.

Skipting veittra lánsloforða á árinu 1990 eftir atvinnugreinum og kjördæmum.
Hlutfallstölur.

	Sjávar- útvegur	Fisk- eldi	Iðnaður	Samtals
Vesturland	4,3 8,8	0,0	4,8	
Vestfirðir	40,6	5,3	0,0	29,9
Norðurland vestra	2,5 7,0	0,0	3,2	
Norðurland eystra	5,7 5,3	42,7	8,7	
Austurland	16,0	0,0	0,0	11,4
Suðurland	12,1	43,8	0,0	17,6
Reykjanes	16,3	24,5	57,3	21,5
Reykjavík	<u>2,5 5,3</u>	<u>0,0</u>	<u>2,9</u>	
	<u>100,0</u>	<u>100,0</u>	<u>100,0</u>	<u>100,0</u>

Hafa ber í huga að framangreind skipting lánsloforða nær eingöngu til ársins 1990. Heildargreiningu allra lánsloforða sjóðsins er að finna í töflum 6 til 8.

Á árinu 1990 voru samþykkt lánsloforð til 11 fiskeldisfyrirtækja að fjárhæð 285 milljónir króna. Þar af höfðu sex fengið fyrirgreiðslu hjá sjóðnum áður. Í mörgum tilfellum voru lánveitingar þessar bundnar tilteknum skilyrðum, svo sem um að aðrir lánadrottnar veittu veðleyfi eða að hlutfé yrði aukið.

Við þessar lánveitingar tók stjórn sjóðsins mið af veðreglum sem bókaðar voru á stjórnarfundi 15. mars 1990. Í fundargerð þess fundar segir: "Við ákvörðun um veðhæfni er reiknað með að farið verði upp í 90% framreiknaðs stofnkostnaðar stöðvar eða metins stofnkostnaðar ef afkastageta stöðvarinnar og áætluð framlegð gefa tilefni til." Stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs setti sér þá almennu reglu þegar í upphafi starfs síns að miða veðrymi fasteigna við 70% af brunabótamati þeirra. Því sýnist sem veðreglur þær er giltu um fiskeldisstöðvar hafi verið verulega rýmri en þær sem giltu um aðrar fasteignir, sem sjóðstjórn samþykkti að taka veð í. Ríkisendurskoðun telur að með þessu hafi stjórn sjóðsins ekki gætt nægilegrar varfærni.

Af þeim 16 fiskeldisfyrirtækjum sem var lánað á árunum 1989 og 1990 varð eitt gjaldþrota á árinu 1989, þrjú á árinu 1990 og í septemberbyrjun 1991 höfðu önnur þrjú til viðbótar orðið gjaldþrota. Alls höfðu því sjö af 16 fiskeldisfyrirtækjum orðið gjaldþrota í byrjun september 1991. Þá voru liðin nærri tvö ár frá því að samþykkt var að veita fyrstu fiskeldisfyrirtækjunum lán. Ríkisendurskoðun telur að þegar lánveitingar til þessara fyrirtækja voru samþykktar hafi stjórn sjóðsins ekki tekið nægjanlegt tillit til ákvæðis 2. gr. reglugleugar nr. 463/1988, með síðari breytingum sbr. reglugerð nr. 505/1988 en hún hljóðar svo:

„Fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari, að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra þegar til lengri tíma er litið og að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag þeirra og rekstri, enda uppfylli þau skilyrði 11. gr. um tryggingar.“

Í lok árs 1989 hafði Atvinnuþryggingarsjóður veitt lánsloforð að fjárhæð 6.912,9 milljónir króna. Á árinu 1990 voru veitt lánsloforð að fjárhæð 1.380,7 milljónir króna og námu því útgefin lánsloforð alls 8.293,6 milljónum króna í árslok 1990.

Tafla 6.

Útgefin lánsloforð Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina í árslok 1990.

	m.kr.	Hlutf. af heild
Sjávarútvegur	7.141,2	86,1%
Fiskeldi	562,0	6,8%
Iðnaður	<u>590,4</u>	<u>7,1%</u>
Samtals	<u>8.293,6</u>	<u>100,0%</u>

Stærstur hluti lánsloforða Atvinnuþryggingarsjóðs hafði í árslok 1990 verið gefið fyrirtækjum í sjávarútvegi, en um 7% af loforðunum voru gefin fyrirtækjum í fiskeldi og iðnaði.

Af lánsloforðum hafa um 1.655 milljónir króna runnið til fyrirtækja á Suðurlandi og um 1.350 milljónir króna til fyrirtækja á Reykjanesi. Fyrirtæki í Reykjavík hafa fengið loforð fyrir um 477 milljónir króna og fyrirtæki á Norðurlandi vestra fyrir um 700 milljónir króna.

Tafla 7.

Skipting lánsloforða Atvinnuþryggingardeildar í árslok 1990 eftir atvinnugreinum og kjördæmum. Fjárhæðir í milljónum króna.

	Sjávar- útvegur	Fisk- eldi	Iðnaður	Samtals
Vesturland	802,7	33,0	17,0	852,7
Vestfirðir	1.050,5	38,0	6,0	1.094,5
Norðurland vestra	635,9	20,0	42,5	698,4
Norðurland eystra	818,3	30,0	271,0	1.119,3
Austurland	1.044,7	0,0	0,0	1.044,7
Suðurland	1.356,7	276,0	22,9	1.655,6
Reykjanes	1.092,9	85,0	173,0	1.350,9
Reykjavík	<u>339,5</u>	<u>80,0</u>	<u>58,0</u>	<u>477,5</u>
	<u>7.141,2</u>	<u>562,0</u>	<u>590,4</u>	<u>8.293,6</u>

Tafla 8.

Skipting lánsloforða Atvinnuþryggingardeildar í árslok 1990 eftir atvinnugreinum og kjördæmum. Hlutfallstölur.

	Sjávar- útvegur	Fisk- eldi	Iðnaður	Samtals
Vesturland	11,2	5,9	2,9	10,3
Vestfirðir	14,7	6,8	1,0	13,2
Norðurland vestra	8,9	3,6	7,2	8,4

Norðurland eystra	11,5	5,3	45,9	13,5
Austurland	14,6	0,0	0,0	12,6
Suðurland	19,0	49,1	3,9	20,0
Reykjanes	15,3	15,1	29,3	16,3
Reykjavík	<u>4,8</u>	<u>14,2</u>	<u>9,8</u>	<u>5,7</u>
	<u>100,0</u>	<u>100,0</u>	<u>100,0</u>	<u>100,0</u>

ÚTLÁN

Í árslok 1990 námu lánveitingar Atvinnuþryggingarsjóðs 8.665 milljónum krónum, sem er nokkru hærri fjárhæð en nemur útgefnum lánsloforðum. Ástæður þessa ósamræmis eru einkum tvær. Annars vegar hafa útistandandi lán hækkað vegna verðlagsbreytinga og áfallinna vaxta. Hins vegar hefur hluti samþykkrta lánsloforða aldrei verið greiddur út vegna þess að fyrirtæki gátu annað hvort ekki staðið við þau skilyrði er fylgdu lánsloforðinu eða buðu ekki ásættanleg veð.

Tafla 9.

Skipting útlána Atvinnuþryggingarsjóðs í árslok 1990.
Fjárhæðir í milljónum kr.

	Útlán í % af Útlán heild		Vanskil Van-í % af skilútlánnum		Fjöldi lánþega
Sjávarútvegur	6.627	76,5	270	4,1	182
Fiskeldi	311	3,6	0	0,0	7
Iðnaður	402	4,7	5	1,2	12
Hlutfjáráukning	1.212	14,0	46	3,8	177
Fjárfest.lánasj.	<u>113</u>	<u>1,3</u>	<u>0</u>	<u>0,0</u>	<u>1</u>
	<u>8.665</u>	<u>100,0</u>	<u>321</u>	<u>3,7</u>	<u>379</u>

Stærstur hluti lána sem veitt hafa verið til hlutfjáráukningar hefur annars vegar runnið til fyrirtækja í sjávarútvegi og hins vegar til aðila er tengjast fiskeldi. Í mörgum tilfellum hafa tengdir aðilar bæði fengið lán til hlutfjáráukningar og almenn skuldbreytingarlán.

Á árinu bar lánþegum sjóðsins samtals að greiða um 508 milljónir króna í afborganir og vexti. Í raun var hér nær eingöngu um vaxtagreiðslur að ræða. Samtals innheimtust 214 milljónir króna og námu vanskil því 294 milljónir króna í árslok, eða um 57,9% af því sem gjaldfallið var.

Vanskil hafa hingað til verið mest hjá sjávarútvegsfyrirtækjum en gera má ráð fyrir að þau fari á næstunni mjög vaxandi hjá fiskeldisfyrirtækjum. Af

fundargerðum Atvinnuþryggingarsjóðs má ráða að stjórn sjóðsins hafi ekki samþykkt neinar lánveitingar til fiskeldisstöðva fyrr en í nóvember 1989. Flest skuldabréf sjóðsins til fiskeldisstöðva hafa því verið gefin út á árinu 1990. Fáar afborganir voru þar af leiðandi fallnar í gjalddaga í árslok 1990.

AFSKRIFTAREIKNINGUR ÚTLÁNA

Í árslok 1990 stóð afskriftareikningur útlána í 411 milljónum króna eða sem svarar til 4,7% af útlánnum. Útistandandi lán sjóðsins námu 8.664 milljónum krónum en 8.253 milljónum krónum ef tekið er tillit til framlaga í afskriftasjóð.

Tilgangurinn með að leggja fyrir fé í afskriftareikning útlána er að búa sjóðinn undir að mæta þeim fjárhagslegu áföllum, sem fylgt geta útlánastarfsemi af þessu tagi. Þegar og ef tiltekin útlán sjóðsins þykja sannanlega töpuð eru þau töp færð út af afskriftareikningi útlána. Uppbygging afskriftareiknings er því mikilvægur til að sýna sem réttasta eiginfjárstöðu sjóðsins á hverjum tíma og á rætur að rekja til áhættunnar sem samfara er útlánnum hans.

Í upphafi árs 1990 stóð afskriftareikningur útlána í 284 milljónum króna og á árinu voru 216 milljónir króna færðar á þann reikning af útlánareikningi Atvinnuþryggingarsjóðs. Afskrifuð töpuð útlán á árinu námu 89 milljónum króna og í árslok stóð því reikningurinn í 411 milljónum króna.

Í ágúst mánuði 1991 skilaði Ríkisendurskoðun forsætisráðuneytinu skýrslu um fjárhagsstöðu Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands. Í henni er talið að um 1.760 milljónir króna af útlánnum atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar gætu tapast og því þurfi að auka framlög í afskriftareikning um 1.350 milljónir króna. Ríkisendurskoðun ítrekar þessa niðurstöðu sína og telur litlu breyta þó að þær miðist við fjárhagsstöðu deildarinnar í maílok 1991 en ekki árslok 1990.

Í árslok 1990 voru skuldir Atvinnuþryggingarsjóðs umfram eignir 69 milljónir króna og afskriftareikningur útlána stóð í 411 milljónum króna. Eiginfjárstaða sjóðsins hefði hins vegar verið neikvæð um 1.418 milljónir króna ef afskriftareikningurinn hefði staðið í um 1.760 milljónum króna.

Við mat Ríkisendurskoðunar á framlögum í afskriftasjóð er ekki tekið fullt tillit til ákvæða 2. gr. laga nr. 42/1991 um breytingu á lögum nr. 9/1989 um efnahagsaðgerðir en þar er mælt fyrir um heimild Byggðastofnunar til að fella niður eða breyta í víkjandi lán kröfum atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar.

GREIÐSLUSTREYMI

Fyrirsjáanlegt er að Atvinnuþryggingarsjóður muni þurfa á viðbótarfjármagni að halda árin 1992-1994 vegna þess að þá verða útgreiðslur úr sjóðnum hærrí en inngreiðslur. Jafnvel þótt miðað sé við að allir lánþegar sjóðsins standi í skilum er útlit fyrir að greiðslustreymi verði neikvætt um samtals um 1.750 milljónir króna þessi þrjú ár. Hins vegar verður greiðslustreymið jákvætt næstu árin þar á eftir en síðan aftur neikvætt árið 1999. Ástæða þessa ójafnvægis er einkum sú að lánstími þeirra skuldabréfa, sem sjóðurinn hefur tekið, er annar en þeirra, sem hann hefur gefið út. Sjóðurinn þarf t.d. að greiða mjög stórar afborganir af erlendum lánum árin 1994, 1998 og 1999.

Tafla 10.

Áhrif breytilegra forsendna um útlánatöp á greiðslustreymi lána Atvinnuþryggingasjóðs 1991-2006:

Fjárhæðir í milljónum króna.

Hlutfall tapaðra útlána

Ár	0 %	8%	15%	20%
1991	-7	-48	-85	-111
1992	-394	-514	-619	-694
1993	-471	-589	-692	-766
1994	-886	-999	-1.098	-1.168
1995	60	-47	-141	-208
1996	861	757	666	601
1997	1.003	905	819	757
1998	267	174	92	34
1999	-405	-466	-519	-557
2000	286	257	231	212
2001	76	64	53	45
2002	35	32	30	28
2003	6	5	5	5
2004	6	5	5	5
2005	5	5	5	4
2006	<u>5</u>	<u>5</u>	<u>4</u>	<u>4</u>
Samtals	<u>447</u>	<u>-454</u>	<u>-1.244</u>	<u>-1.809</u>

Mismunur framreiknaðra útgreiðslna og inngreiðslna veittra og tekinnna lána miðað við stöðu í september 1991 og umsamda gjalddaga lánanna. Áföllnum vanskilum og vöxtum af sjóðstöðu hvers árs er sleppt. Fullt tillit hefur verið tekið til endurgreiðslu láns Atvinnuleysistryggingasjóðs sem var 600 milljónir króna á júlí verðlagi 1989. Að auki er sleppt fyrirhugaðri 550 milljón króna lántöku sjóðsins á þessu ári, samkvæmt lánsfjárlögum, en því fjármagni er ætlað að bæta greiðslustöðu sjóðsins vegna útistandandi vanskila við hann. Þau vanskil námu um 682 milljónum króna þann 31.08.1991.

Ef gert er ráð fyrir að engin útlán tapist munu inngreiðslur umfram útgreiðslur samtals nema um 447 milljónum króna. Ef á hinn bóginn er gert ráð fyrir að 15% útlána sjóðsins tapist munu útgreiðslur umfram inngreiðslur samtals nema um 1.244 milljónum króna. Að auki má bæta við um 114 milljónum króna vegna rekstrarkostnaðar atvinnuþryggingardeildar, sem áætlaður er um 10 milljónir króna á ári.

Öll erlend lán Atvinnuþryggingarsjóðs hafa verið tekin hjá Framkvæmdasjóði Íslands eða eru endurlán ríkisins. Fyrirsjáanlegt er að deildin þarf á viðbótarfjármagni að halda til að mæta fjárförf sem rót á að rekja til þess að útgreiðslur úr sjóðnum verða á tímabili hærri en inngreiðslur vegna mismunandi lánstíma inn- og útlána svo og vegna útlánatapa. Ef leysa á framangreinda fjárförf að hluta til með lánum er brýnt að eiginfjárstaða deildarinnar sé ekki neikvæð. Því verður ríkissjóður að mati Ríkisendurskoðunar að veita framlag til deildarinnar í því skyni að tryggja að eiginfjárstaðan sé ætíð jákvæð.